





Trésmiðjan Akur

Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is | akur.is





Trésmiðja með reynslu

Trésmiðjan Akur er rótgróið fyrirtæki sem leggur áherslu á að sinna almennri byggingarstarfsemi og trésmiðajónustu á Akranesi og nágrenni. Trésmiðjan býr yfir áratuga reynslu af því að byggja íbúðarhúsnæði og taka þátt í útboðum á vegum opinberra aðila og einstaklinga um allt land.

Fjölbreytt starfsemi í 60 ár

Frá upphafi hefur trésmiðjan verið leiðandi fyrirtæki í byggingarstarfsemi á Akranesi.

Verkefnin hafa verið afar fjölbreytt og hefur trésmiðjan staðið að byggingu á annan tug fjölbýlishúsa á Akranesi auk þess að sinna ótal öðrum stórum og smáum trésmiðaverkefnum.

Hin síðari ár hefur aðalstarfsemi fyrirtækisins verið fólgin í framleiðslu á íbúðarhúsum – timbur-einingahúsum og sumarhúsum samhliða öðrum þjónustuverkum í trésmiði.

Hjá trésmiðjunni starfa að jafnaði um 20-30 manns og er margt af því góða fólki með áratuga starfsreynslu hjá fyrirtækinu. Jafnframt hefur Akur átt gott samstarf við fjölda undirverktaka í gegnum tíðina.

IDN VÉLAR allt fyrir idnaðinn...



Smidjuvegi 44-46 | 414-2700 | sala@idnvelar.is

60

ÁR Í REKSTRÍ


”

Trésmiðjan Akur ehf var stofnuð 20. nóvember árið 1959. Stofnendur voru Fríða Lárusdóttir, Stefán Teitsson, Hallfríður Georgsdóttir, Magnús Lárusson, Erla Guðmundsdóttir og Gísli S. Sigurðsson. Í dag eru Fríða og Stefán enn ein af aðaleigendum fyrirtækisins.

Gæði og metnaður

Trésmiðjan Akur:


- Er aðili að Samtökum iðnaðarins og leggur metnað í að starfsfólkið hljóti fyrsta flokks þjálfun og menntun sem gerir því kleift að skila góðu verki.
- Leggur upp úr góðum aðbúnaði á vinnustað og því að hafa öryggi starfsfólks ávallt í fyrirrúmi.
- Leggur sig fram um að bjóða húsasmíðanemum námssamning eftir því sem aðstæður leyfa.
- Er meðalstórt, arðbært fyrirtæki sem býður vandað húsnæði og góða, almenna trésmíðapjónustu á samkeppnishæfu verði.
- Leggur áherslu á að veita viðskiptavinum ávallt góða vöru og þjónustu á umsömdum tíma.
- Fylgir lögum og reglum er gilda fyrir starfsemi og rekstur fyrirtækisins.



VELFAC®
VINDUER FOR LIVET

VELFAC RIBO

VELFAC Ribo er tímalaus og hefðbundinn álkæddur timburgluggi sem passar vel í hefðbundin hús



Faris ehf · Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík
Sími 571 0910 · sala@faris.is · www.faris.is



AKURShús - timbureiningahús

Frá árinu 1980 hefur Trésmiðjan Akur framleitt timbureiningahús undir heitinu AKURShús. Húsin eru íslensk hönnun og framleiðslan fer fram í verksmiðju fyrirtækisins við bestu mögulegar aðstæður. Íbúðar- og sumarhús, skólastofur og vinnubúðir eru meðal þeirra einingahúsagerða sem trésmiðjan hefur reist.

Fljótleg í uppsetningu

Uppsetningartími húsanna er stuttur og tekur aðeins um 5-7 daga að reisa meðalstórt hús og fullgera í fókheld ástand.

Kostir einingahúsanna

- Áhersla er lögð á að uppfylla kröfur og óskir kaupenda í upphafi ferlisins. Innlend hönnun húsanna gerir breytingar auðveldar í framkvæmd.
- Ítarleg verkáætlun, allt frá hönnun að afhendingu húsa, er sett fram og við hana staðið.
- Um er að ræða vistvæn, vönduð og hagkvæm hús í forsmíðuðum einingum, sem fást uppsett eða óuppsett, allt eftir óskum kaupenda.
- Unnið er samkvæmt gæðakerfi Samtaka iðnaðarins en Akur hefur gilda B-vottun frá samtökunum.

Litco.ehf

Málrameistari

Sími: 8604996

Netfang: litco@simnet.is





Vistvæn hönnun og efnisval

Timburhús eru vistvænn kostur fyrir fólk og umhverfi.



Á heimsvísu valda byggingar um það bil 40% af allri kolefnislosun. Þess vegna er mikilvægt að horfa til og reyna að draga úr mengun og losun kolefnis bæði úr byggingunni sjálfri og við uppbyggingu hennar. Við viljum hanna mannvirki sem hafa sem minnsta kolefnislosun, þ.e.a.s. með sem minnst kolefnisspor. Til þess að lágmarka kolefnisspor mannvirkja þarf helst að:

- Velja efni með lágt kolefnisspor.
- Tryggja góða nýtingu efna.
- Lágmarka byggingarúrgang.

Timbur hagar sér eins og kolefnisgeymir (CO₂ store). Þegar tré vaxa gleypa þau kolefni með ljóstillifun sem losar súrefni og geymir kolefni. Þegar tré rotna losa þau kolefni. En þegar tré eru ræktuð til framleiðslu eru þau felld áður en þau byrja að rotna. Þannig að geymt kolefni situr eftir í timbrinu. Allar timburvörur eru því í raun kolefnisgeymar. Timbur er því æskilegt byggingarefni vegna þess að það er með mjög lágt kolefnisspor.

Úr grein Sigríðar Óskar Bjarnadóttur, byggingarverkfræðings Ph.D.
Greinina í heild sinni er að finna í tímaritinu Vélabrögð, 40. árg. 2019.



Trésmiðjan Akur lætur sig umhverfismál varða og hefur haft ofangreint í huga við hönnun og framleiðslu AKURS-húsanna til að lágmarka kolefnisspor þeirra.



MANNVIT

Gámaþjónusta Vesturlands

Almenn sorphirða, leiga, sala og losun sorpiláta og gáma.

Söfnun úrgangs til endurvinnslu.

Gámaþjónusta Vesturlands sér um losun og alla þjónustu fyrir Gámaþjónustuna hf. á Vesturlandi.



GÁMAÞJÓNUSTA
Vesturlands

BÆTT UMHVÆFI - BETRI FRAMTÍÐ

Sími: 435 0000






Hönnun og teikningar

Í sölubæklingi Akurs eru settar fram hugmyndir að skipulagi og útliti AKURShúsanna. Allir aðaluppdrættir eru unnir innan fyrirtækisins og því auðvelt að vinna milli-liðalaust að mögulegum breytingum sem kaupendur kunna að vilja gera á þeim hugmyndum sem settar eru fram.

Margir möguleikar eru fyrir hendi þegar kemur að skipulagningu byggingar á lóð. Auk breytinga á skipulagi er gefinn kostur á að velja önnur efni til klæðningar.



Vottanir

Gæðavottun

Trésmiðjan Akur er aðili að Samtökum iðnaðarins (SI). Hjá samtökunum er unnið með fyrirtækjum að innleiðingu gæðakerfis sem þróað hefur verið innan þeirra. Fyrirtæki öðlast gæðavottanir í fjórum þrepum, frá D-vottun að A-vottun. Árið 2008 öðlaðist Akur D-vottun og hefur nú B-vottun frá samtökunum.

Framúrskarandi fyrirtæki

Stjórnendur og starfsfólk trésmiðjunnar eru afar stolt af því að tilheyra framúrskarandi fyrirtækjum að mati Creditinfo, en árið 2016 komst fyrirtækið í þann hóp og hefur verið þar á hverju ári síðan.



vogir@vogir.is

ÖLL ALMENN
RAFLAGNAÞJÓNUSTA

Sími:433-2202

www.vogir.is



Endurbætur og viðgerðir

Akur hefur mikla reynslu í endurbótum og viðhaldsverkum og unnið mörg slík stór og smá verk fyrir opinbera aðila og einstaklinga.

Allt á einni hendi

Kostirnir við að leita til Akurs með endurbætur og viðgerðir er hversu hagkvæmt er að vera með alla þætti þess konar verkefnis á einni hendi. Hjá Trésmiðjunni Akri fæst heildstæð þjónusta þar sem starfsmenn koma á staðinn til að taka út og greina verkefni. Þeir koma með tillögur um hvað þarf til og hvernig best er að standa að framkvæmd verksins. Akur sér einnig um hönnun og teikningar og gerir verðáætlun eða tilboð í verkefnið.



**Framúrskarandi
fyrirtæki**

**RÉTT VAL Á VINNUFATNAÐI
BYRJAR HJÁ OKKUR**



**SINDRI
VINNUFÖT**

**FASTEIGNASALAN
HÁKOT**
hakot.is



Daniel Rúnar Elíasson • löggiltur fasteignasali

Kirkjubraut 12 • 300 Akranes
Sími: 431 4045 • Gsm: 899 4045 • Netfang: hakot@hakot.is



FLUTNINGABÍLAR

KRANABÍLAR

VÖRUBÍLAR

TRAILERAR



Planet®
Fellþrósúlur

JUN-AIR

TANOS
systainer®



SKÚLASON & JÓNSSON

SKÚTUVOGUR 6

REYKJAVÍK SÍMI 5686544 s-j@s-j.is

TOPP ÚTLIT
-merkingar-


HÉÐINS HURÐIR



HÚSASMIÐJAN